

2014:7 • 6. júní 2014

Landsframleiðslan á 1. ársfjórðungi 2014

Quarterly national accounts, 1st quarter 2014

Samantekt Landsframleiðslan á 1. ársfjórðungi 2014 dróst saman um 0,1% borið saman við 1. ársfjórðung 2013. Á sama tíma jukust þjóðarútgjöld, sem eru samtala neyslu og fjárfestingar, um 2,1%. Einkaneysla jókst um 3,9%, samneysla um 2% og fjárfesting um 17,6%. Útflutningur jókst um 6,2% og innflutningur nokkru meira, eða um 11,9%.

Árstíðaleiðrétt landsframleiðsla dróst saman um 0,7% milli 4. ársfjórðungs 2013 og 1. ársfjórðungs 2014. Þar af jókst einkaneysla um 1,3%, samneysla um 0,8% og fjárfesting um 6,3%. Innflutningur jókst um 3,1% á meðan útflutningur dróst saman um 4,6%.

Tafla 1. Yfirlitstafla


Table 1. Overview

	Verðlag ársins, millj. kr. <i>Current prices, million ISK</i>	Magn- breyting, % frá 1. ársfj. 2013 <i>Volume change, % from 1st quarter 2013</i>	Magnbreyting frá fyrrri ársfj., % ¹ <i>Volume change from previous quarter, %¹</i>	
	1. ársfj. <i>1st quarter</i>		4. ársfj. <i>4th quarter</i>	1. ársfj. <i>1st quarter</i>
Einkaneysla <i>Private final consumption</i>	239.056	3,9	0,7	1,3
Samneysla <i>Government final consumption</i>	114.784	2,0	0,2	0,8
Fjármunamyndun <i>Gross fixed capital formation</i>	64.143	17,6	5,0	6,3
Birgðabreytingar ² <i>Changes in inventories²</i>	3.207	-2,6
Þjóðarútgjöld alls <i>National expenditure</i>	421.189	2,1	1,5	4,1
Útflutningur vöru og þjónustu <i>Exports of goods and services</i>	221.518	6,2	0,0	-4,6
Innflutningur vöru og þjónustu <i>Imports of goods and services</i>	-211.243	11,9	1,9	3,1
Verg landsframleiðsla GDP	431.465	-0,1	0,3	-0,7

¹ Árstíðaleiðrétt. *Seasonally adjusted.*² Hlutfallstölur sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutfall af landsframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi. *The figures express the increase or reduction in inventories as a percentage of GDP of the previous year, at constant prices.*

Mynd 1. Landsframleiðsla, breyting frá sama ársfjórðungi fyrra árs

Figure 1. GDP, volume change over same quarter, previous year




Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2012–2014. Preliminary figures 2012–2014.

Framsetning talna

Í þeim tilvikum þar sem fjallað er um breytingu á milli samliggjandi ársfjórðunga er miðað við árstíðaleiðréttar¹ tölur, en að öðrum kosti er miðað við óárstíðaleiðréttar tölur.

Mynd 2. Ársfjórðungsleg breyting landsframleiðslu, árstíðaleiðrétt

Figure 2. Quarterly GDP volume growth, seasonally adjusted



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2012–2014. Raunbreytingar frá fyrri ársfjórðungi. Preliminary figures 2012–2014. Change from the previous quarter.

Einkaneysla eykst

Einkaneysla á 1. ársfjórðungi 2014 jókst um 3,9% að raungildi borið saman við 1. ársfjórðung 2013. Vöxtur einkaneyslu hefur ekki verið meiri á einum ársfjórðungi síðan á 2. ársfjórðungi 2011 þegar einkaneysla jókst um 5,2% borin saman við 2. ársfjórðung 2010. Milli 4. ársfjórðungs 2013 og 1. ársfjórðungs 2014 jókst einkaneysla um 1,3%.

Samneysla eykst

Samneysla jókst um 2% að raungildi á 1. ársfjórðungi 2014 borið saman við sama tímabil árið áður. Samneysla jókst um 0,8% frá 4. ársfjórðungi 2013 til 1. ársfjórð-

¹ Á umbrotatímum er óvissa við árstíðaleiðréttingar mikil. Þetta á sérstaklega við um lítil hagkerfi eins og það íslenska.

ungs 2014. Niðurstöður um fjármál hins opinbera á 1. ársfjórðungi 2014 verða birtar í Hagtíðindum 10. júní 2014.

Fjárfesting eykst Fjárfesting á 1. ársfjórðungi 2014 jókst um 17,6% að raungildi borið saman við 1. ársfjórðung árið áður. Vöxtinn má að miklu leyti rekja til nýbyggingar en íbúðafjárfesting jókst um 30,8%. Á sama tíma jókst fjárfesting atvinnuvega um 15,1% og fjárfesting hins opinbera um 10,7%.

Fjárfesting jókst um 6,3% á 1. ársfjórðungi 2014 borið saman við 4. ársfjórðung 2013. Þar af jókst íbúðafjárfesting um 9,9%, fjárfesting atvinnuvega um 6%, og fjárfesting hins opinbera um 2,6%.

Birgðir aukast lítillega Birgðaskýrslur Hagstofunnar sýna að á 1. ársfjórðungi 2014 hafa birgðir aukist um 3,2 milljarða á verðlagi ársins. Vegna aflabrests í loðnuveiðum jukust birgðir sjávarafurða lítið eitt á 1. ársfjórðungi ólíkt því sem verið hefur undanfarin ár eða einungis um 1,4 milljarða króna, á verðlagi ársins. Á sama tíma jukust birgðir rekstrarvara um 1,2 milljarða króna og birgðir afurða stóriðju um rúmar 500 milljónir króna.


Þjóðarútgjöld aukast Þjóðarútgjöld jukust um 2,1% að raungildi á 1. ársfjórðungi borið saman við 1. ársfjórðung 2013 öðru fremur vegna aukningar í einkaneyslu. Frá 4. ársfjórðungi 2013 til 1. ársfjórðungs 2014 jukust þjóðarútgjöld um 4,1%, einkum vegna aukningar í birgðum.

Innflutningur eykst umfram útflutning Útflutningur á 1. ársfjórðungi 2014 jókst um 6,2% að raungildi borið saman við 1. ársfjórðung 2013. Þar af jókst þjónustuútflutningur um 17,4% og vöruútflutningur um 1,2%. Á sama tíma jókst innflutningur um 11,9%. Þar af jókst þjónustuinflutningur um 19,5% og vöruinnflutningur um 7,5%.

Meiri aukning innflutnings en útflutnings að raungildi olli því að landsframleiðslan dróst saman um 0,1% samanborið við 2,1% aukningu þjóðarútgjalda. Á 1. ársfjórðungi 2013 var þessu öfugt farið. Mynd 3 sýnir hlutdeild einstakra liða í hagvexti.

Mynd 3. Hlutdeild einstakra liða í hagvexti

Figure 3. Contributions to growth by expenditure items



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2013–2014. Breyting frá sama ársfjórðungi fyrra árs. Preliminary figures 2013–2014. Change over same quarter, previous year.

Minni afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum


Samanlagður afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum var um 10,3 milljarðar króna á 1. ársfjórðungi 2014 sem er mun lægri fjárhæð en á sama tímabili árið áður (26,6 milljarðar króna á verðlagi þess árs). Vöruskiptajöfnuður var jákvæður um 9,3 milljarða króna. Vöruútflutningur nam 136,4 milljörðum króna og vöruinnflutningur nam 127,1 milljarði króna. Á sama tíma var þjónustujöfnuður jákvæður um tæpan milljarð króna. Útflutningur á þjónustu nam 85,1 milljarði króna og innflutningur á þjónustu nam 84,1 milljarði króna

Hagþróun erlendis

Í helstu viðskiptalöndum Íslands var ársbreyting landsframleiðslunnar á 1. ársfjórðungi mest í Bretlandi, 3,1%. Í Japan var hagvöxtur 2,7%, Þýskalandi 2,3%, Bandaríkjunum 2%, Noregi og Svíþjóð 1,8%, Danmörku 1,5% og Frakklandi 0,8%. Aftur á móti var samdráttur í Hollandi 0,3%.

Mynd 4. Ársfjórðungslegur hagvöxtur í nokkrum löndum

Figure 4. Quarterly growth rates of GDP in selected countries



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2012–2014. Ársbreyting eftir ársfjórðungum. Ísland óárstíðaleiðrétt. Preliminary figures 2012–2014. Change over same quarter, previous year. Iceland not seasonally adjusted.

Heimild Source: Efnahags- og framfarastofnunin. OECD.

Árstíðaleiðrétting

Með árstíðaleiðréttingu á tímaröðum er leitast við að greina og fjarlægja árstíðabundnar sveiflur í gögnum. Meginmarkmiðið með því er að auðvelda samanburð talna innan hvers árs, auk þess sem reynt er að greina og eyða áhrifum af óregluglegum þáttum (e. *outliers*) innan hverrar tímaröðar í heild sinni.

Hagstofan árstíðaleiðréttir ársfjórðungslega þjóðhagsreikninga með óbeinum hætti, en það er sú aðferð sem vinnuhópur á vegum Hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat) og Seðlabanka Evrópusambandsins (ECB) lagði til og er oftast notuð í Evrópu. Aðferðin er talin henta best þegar árstíðabreytingar undirliða eru ólíkar. Þegar óbein aðferð er notuð við árstíðaleiðréttingu eru undirliðir árstíðaleiðréttir og tengdir saman til þess að fá fram heildarstærðir (t.d. þjóðarútgjöld eða landsframleiðslu).

Meiriháttar breytingar í efnahagslífi eins og efnahagshrun og óreglubundnir liðir, sem geta sveiflast verulega, hafa mikil áhrif á árstíðaleiðréttinguna. Því smærri sem hagkerfið er, því meira vægi hafa ýmsir óregluglegir liðir, svo sem inn- og útflutningur á flugvélum. Á undanförunum átta árum hefur ársfjórðungslegur innflutningur á flugvélum sveiflast frá 0% til 9% af innflutningi í viðkomandi ársfjórðungi.

Slíkir óreglulegir liðir torvelda að greina árstíðasveiflu í gögnum og mæling á hagvexti milli ársfjórðunga verður einnig óstöðugri.

Niðurstöður fyrir árin 2012–2014 eru bráðabirgðatölur sem breytast eftir því sem ýtarlegri upplýsingar liggja fyrir og þar með breytast árstíðaleiðréttu niðurstöðurnar einnig.

Ýtarleg sundurliðun er birt á vefnum

Ýtarleg sundurliðun á ársfjórðungsefninu er á vef Hagstofunnar. Þar er fjárfesting eftir ársfjórðungum sundurliðuð í fjárfestingu atvinnuvega, íbúðarhúsnæði og starfsemi hins opinbera. Útflutningi og innflutningi er skipt upp í vörur og þjónustu. Á vefnum er einnig að finna allar fjárhæðir á keðjutengdu verðmæti með árið 2005 sem viðmiðunarár.

Nýr staðall þjóðhagsreikninga í september 2014

Í september 2014, þegar tölur um landsframleiðsluna á 2. ársfjórðungi 2014 og endurskoðaðar niðurstöður fyrir árið 2013 verða birtar mun Hagstofa Íslands innleiða nýjan þjóðhagsreikningastaðal, European System of National Accounts 2010 (ESA 2010), við gerð þjóðhagsreikninga. Nýi staðallinn verður tekinn í notkun um svipað leyti í ríkjum EES og stefnt er að því að öll ríkin hafi lokið innleiðingu hans í lok september 2014. ESA 2010 er evrópsk útgáfa alþjóðlegs þjóðhagsreikningastaðals Sameinuðu þjóðanna, *System of National Accounts 2008* (SNA 2008). Upplýsingar um helstu breytingar sem verða innleiddar hafa verið birtar á vef Hagstofunnar undir *Nýjum stöðlum* á slóðinni www.hagstofa.is/pages/3021.

English summary

In real terms, non-seasonally adjusted estimates indicate a year over year (YOY) decline in Gross Domestic Product (GDP) of 0.1% for the 1st quarter of 2014. Total domestic final expenditure increased by 2.1%. Household final consumption increased by 3.9%, government final consumption by 2% and gross fixed capital formation by 17.6%. At the same time balance of trade in goods and services worsened, exports grew by 6.2% and imports grew by 11.9%.

Gross fixed capital formation figures indicate a YOY increase of 17.6%, led by a 30.8% increase in residential construction. Business sector investment increased by 15.1% and Government investment increased by 10.7%.

Seasonally adjusted GDP¹ in the 1st quarter of 2014 decreased by 0.7% from the previous quarter. Total domestic final expenditure increased by 4.1% partly due to an increase in inventories. Household final consumption increased by 1.3%, government final consumption by 0.8% and gross fixed capital formation by 6.3%. Exports decreased by 4.6% while imports increased by 3.1% in the 1st quarter of 2014 as compared with the 4th quarter of 2013.

In September 2014, together with the publication of revised figures for 2013, Statistics Iceland will implement the new European System of National and Regional Accounts (ESA 2010). The implementation of ESA 2010 will take place in September 2014 in all the countries of the European Economic Area (EEA). Information about the changes has been published on the Statistic Iceland's website under *New standards* at www.statice.is/pages/3022.

¹ During economic turbulence, like at the present time, major structural changes have effects on seasonally adjusted results that can be more volatile than would be the case otherwise. For small countries irregular items also have a great impact on seasonally adjusted results and make it more difficult to detect seasonality in the data and quarterly GDP estimates can become even more unstable. The seasonal results should therefore be interpreted with care.

Tafla 2. Landsframleiðsla eftir ársfjórðungum 2010–2014*Table 2. Quarterly Gross Domestic Product (GDP) 2010–2014*

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Government final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Birgða- breytingar <i>Changes in inventory</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
Verðlag hvers árs, millj. kr.								
<i>Million ISK at current prices</i>								
2010	790.850	398.618	194.775	-3.373	1.380.871	865.780	-710.719	1.535.932
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	192.180	97.249	42.631	10.006	342.066	195.158	-168.405	368.819
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	195.044	101.792	49.208	-8.016	338.028	223.056	-178.233	382.850
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	193.622	97.336	49.966	-754	340.169	232.440	-181.572	391.037
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	210.004	102.242	52.971	-4.608	360.608	215.126	-182.508	393.226
2011	844.839	413.483	229.065	4.634	1.492.021	961.906	-825.608	1.628.319
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	195.784	98.143	45.089	19.774	358.789	203.691	-177.307	385.173
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	211.021	103.966	53.346	-4.719	363.613	239.863	-204.320	399.157
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	208.794	103.590	57.047	-4.059	365.372	281.954	-218.937	428.390
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	229.240	107.785	73.584	-6.362	404.247	236.399	-225.045	415.600
2012¹	912.913	430.413	247.794	4.340	1.595.460	1.009.455	-905.514	1.699.401
1. ársfj. ¹ <i>1st quarter¹</i>	215.066	103.282	63.617	19.484	401.448	226.880	-212.789	415.539
2. ársfj. ¹ <i>2nd quarter¹</i>	230.840	108.654	66.029	-11.341	394.182	257.006	-242.895	408.293
3. ársfj. ¹ <i>3rd quarter¹</i>	219.873	105.977	57.444	51	383.345	282.327	-224.262	441.409
4. ársfj. ¹ <i>4th quarter¹</i>	247.134	112.500	60.705	-3.853	416.485	243.242	-225.567	434.160
2013¹	957.392	455.124	243.319	-1.633	1.654.201	1.027.633	-895.590	1.786.244
1. ársfj. ¹ <i>1st quarter¹</i>	225.364	109.481	53.983	14.467	403.295	233.597	-207.040	429.852
2. ársfj. ¹ <i>2nd quarter¹</i>	239.706	115.050	61.596	-4.618	411.734	245.322	-227.236	429.821
3. ársfj. ¹ <i>3rd quarter¹</i>	231.944	112.192	62.853	-5.782	401.207	298.593	-231.485	468.315
4. ársfj. ¹ <i>4th quarter¹</i>	260.378	118.401	64.887	-5.701	437.965	250.121	-229.829	458.257
2014¹
1. ársfj. ¹ <i>1st quarter¹</i>	239.056	114.784	64.143	3.207	421.189	221.518	-211.243	431.465

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Tafla 3. Ársbreyting landsframleiðslu eftir ársfjórðungum 2010–2014

Table 3. Annual GDP volume growth 2010–2014

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Government final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Birgða- breytingar ¹ <i>Changes in inventory¹</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
Raunbreytingar frá sama tímabili árið áður, % <i>Volume change on the same quarter of the previous year, %</i>								
2010	0,1	-3,4	-9,4	-0,2	-2,6	0,5	4,5	-4,1
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	-0,7	-4,6	4,9	-0,8	-2,4	-8,8	0,9	-6,9
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	-2,7	-4,8	-9,0	-2,3	-6,5	4,4	6,5	-6,3
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	0,2	-3,1	-14,8	1,1	-1,9	-0,1	2,7	-3,1
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	3,4	-1,2	-13,9	0,9	0,3	6,6	7,7	-0,0
2011	2,6	-0,3	14,1	0,6	4,0	3,8	6,7	2,7
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	0,9	-1,0	7,5	2,2	3,7	4,5	3,7	3,8
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	5,2	-0,9	4,3	1,0	4,7	0,6	6,7	1,5
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	2,1	1,0	9,4	-0,6	1,9	7,1	5,9	3,4
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	2,2	-0,3	32,5	-0,1	5,8	2,6	10,1	2,0
2012²	2,4	-1,4	5,5	-0,1	1,7	3,8	4,7	1,5
1. ársfj. ² <i>1st quarter²</i>	2,8	-2,1	38,5	-0,4	5,8	6,5	10,5	4,0
2. ársfj. ² <i>2nd quarter²</i>	2,9	-2,2	20,9	-1,6	2,3	5,8	12,6	-0,9
3. ársfj. ² <i>3rd quarter²</i>	1,1	-1,8	-0,1	1,0	1,2	3,1	3,3	1,6
4. ársfj. ² <i>4th quarter²</i>	2,7	0,5	-22,0	0,6	-2,0	0,4	-5,7	1,2
2013²	1,2	1,3	-3,4	-0,4	0,1	5,3	-0,1	3,3
1. ársfj. ² <i>1st quarter²</i>	0,6	2,2	-19,7	-1,2	-3,6	1,8	-5,9	0,7
2. ársfj. ² <i>2nd quarter²</i>	1,0	1,4	-5,2	1,5	1,7	2,3	-1,6	4,0
3. ársfj. ² <i>3rd quarter²</i>	1,7	1,0	6,8	-1,5	0,5	8,1	1,9	4,5
4. ársfj. ² <i>4th quarter²</i>	1,4	0,7	6,6	-0,4	1,6	8,4	5,1	3,8
2014²
1. ársfj. ² <i>1st quarter²</i>	3,9	2,0	17,6	-2,6	2,1	6,2	11,9	-0,1

¹ Hlutfallstölurnar sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutfall af landsframleiðslu sama fjórðungs fyrra árs, keðjutengdu verðmæti, viðmiðunarár 2005. *The figures express the increase or reduction in inventories as a percentage of GDP in the same quarter of the previous year, chain-volume measures, reference year 2005.*

² Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Tafla 4. Ársfjórðungsleg breyting landsframleiðslu 2010–2014, árstíðaleiðréttTable 4. *Seasonally adjusted quarterly volume growth in GDP 2010–2014*

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Government final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
Raunbreyting frá fyrri ársfjórðungi, % <i>Percentage change on the previous quarter</i>							
2010							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	0,9	-0,4	-27,1	0,6	-5,2	-0,1	-2,4
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	-2,5	-0,3	8,3	-5,6	5,5	-2,3	-1,3
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	3,1	-1,3	-6,6	3,0	1,0	5,4	0,8
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	1,2	0,4	14,7	1,6	6,1	4,4	2,7
2011							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	-0,5	0,3	-9,6	4,8	-9,1	-3,4	0,7
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	1,3	-0,0	8,3	-4,3	4,8	0,3	-1,6
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	0,5	0,1	0,4	0,6	6,5	4,8	2,0
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	0,5	-1,0	34,4	4,6	0,8	8,5	0,5
2012¹							
1. ársfj. ¹ <i>1st quarter¹</i>	0,9	-1,2	-7,6	5,0	-5,1	-3,1	3,1
2. ársfj. ¹ <i>2nd quarter¹</i>	0,7	0,1	-3,5	-7,5	4,1	2,0	-5,9
3. ársfj. ¹ <i>3rd quarter¹</i>	-0,6	0,4	-16,2	-0,0	3,0	-3,8	4,0
4. ársfj. ¹ <i>4th quarter¹</i>	1,3	0,7	4,6	0,6	-1,3	-1,1	0,2
2013¹							
1. ársfj. ¹ <i>1st quarter¹</i>	-0,7	0,6	-3,0	4,0	-0,1	-2,8	5,1
2. ársfj. ¹ <i>2nd quarter¹</i>	0,9	-0,2	12,7	-2,6	-2,3	6,3	-6,7
3. ársfj. ¹ <i>3rd quarter¹</i>	0,3	0,0	-7,7	-1,4	11,6	-0,2	5,8
4. ársfj. ¹ <i>4th quarter¹</i>	0,7	0,2	5,0	1,5	0,0	1,9	0,3
2014¹							
1. ársfj. ¹ <i>1st quarter¹</i>
1. ársfj. ¹ <i>1st quarter¹</i>	1,3	0,8	6,3	4,1	-4,6	3,1	-0,7

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Tafla 5. Hlutdeild í hagvexti 2010–2014

Table 5. Contribution to growth 2010–2014

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Government final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Birgða- breytingar <i>Changes in inventory</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
Hlutdeild í hagvexti frá fyrri ársfj., %							
% points contributions to growth in GDP from previous quarter							
2010							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	2,9	0,3	-3,1	4,3	-0,8	-6,1	-2,4
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	-1,3	-0,1	1,0	-4,9	2,9	1,1	-1,3
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	1,6	-0,4	-0,9	2,3	0,6	-2,5	0,8
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	0,6	0,1	1,8	-1,2	3,4	-2,2	2,7
2011							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	-2,0	-0,6	-1,7	5,7	-4,3	3,6	0,7
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	0,7	-0,0	1,0	-5,7	2,5	-0,1	-1,6
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	0,2	0,0	0,1	0,2	3,7	-2,2	2,0
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	0,2	-0,2	4,5	-0,5	0,5	-4,1	0,5
2012¹							
1. ársfj. ¹ <i>1st quarter¹</i>	0,9	-0,1	-1,4	5,7	-0,9	-1,1	3,1
2. ársfj. ¹ <i>2nd quarter¹</i>	0,4	0,0	-0,6	-7,0	2,3	-1,0	-5,9
3. ársfj. ¹ <i>3rd quarter¹</i>	-0,3	0,1	-2,6	2,8	1,9	2,1	4,0
4. ársfj. ¹ <i>4th quarter¹</i>	0,7	0,2	0,6	-1,0	-0,8	0,5	0,2
2013¹							
1. ársfj. ¹ <i>1st quarter¹</i>	1,0	0,8	-0,5	4,3	-1,1	0,5	5,1
2. ársfj. ¹ <i>2nd quarter¹</i>	0,5	-0,0	1,6	-4,4	-1,3	-3,0	-6,7
3. ársfj. ¹ <i>3rd quarter¹</i>	0,2	0,0	-1,2	-0,3	6,9	0,1	5,8
4. ársfj. ¹ <i>4th quarter¹</i>	0,4	0,1	0,7	0,2	0,0	-1,0	0,3
2014¹							
1. ársfj. ¹ <i>1st quarter¹</i>
1. ársfj. ¹ <i>1st quarter¹</i>	1,7	0,8	0,9	2,0	-5,9	-0,1	-0,7

Skýring Note: Miðað er við árstíðaleiðréttar tölur. Calculated from seasonally adjusted series.

¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

Tafla 6. Ársbreyting landsframleiðslu eftir ársfjórðungum 2010–2014, árstíðaleiðrétt
 Table 6. *Seasonally adjusted annual GDP volume growth 2010–2014*

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Government final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
Raunbreyting frá sama tímabili árið áður, % <i>Volume change on the same quarter of the previous year, %</i>							
2010	0,1	-3,4	-9,4	-2,6	0,5	4,5	-4,1
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	-0,6	-4,4	4,3	-2,3	-5,0	1,3	-5,3
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	-1,9	-5,0	-9,1	-6,2	2,2	6,8	-6,9
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	0,3	-2,6	-13,9	-1,4	-2,1	2,6	-3,8
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	2,6	-1,5	-15,5	-0,6	7,2	7,4	-0,3
2011	2,6	-0,3	14,1	4,0	3,8	6,7	2,7
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	1,2	-0,8	4,9	3,5	2,8	3,8	2,8
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	5,1	-0,6	4,8	4,8	2,1	6,6	2,5
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	2,5	0,8	12,6	2,4	7,7	6,0	3,8
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	1,7	-0,6	32,1	5,5	2,4	10,2	1,5
2012¹	2,4	-1,4	5,5	1,7	3,8	4,7	1,5
1. ársfj. ¹ <i>1st quarter¹</i>	3,1	-2,1	35,0	5,7	6,8	10,5	3,9
2. ársfj. ¹ <i>2nd quarter¹</i>	2,5	-1,9	20,3	2,1	6,1	12,4	-0,6
3. ársfj. ¹ <i>3rd quarter¹</i>	1,4	-1,6	0,4	1,5	2,5	3,2	1,3
4. ársfj. ¹ <i>4th quarter¹</i>	2,3	0,1	-21,8	-2,4	0,4	-5,9	1,1
2013¹	1,2	1,3	-3,4	0,1	5,3	-0,1	3,3
1. ársfj. ¹ <i>1st quarter¹</i>	0,8	1,8	-18,0	-3,3	5,6	-5,6	3,1
2. ársfj. ¹ <i>2nd quarter¹</i>	0,9	1,5	-4,2	1,9	-0,8	-1,6	2,1
3. ársfj. ¹ <i>3rd quarter¹</i>	1,9	1,2	5,5	0,5	7,5	2,1	3,9
4. ársfj. ¹ <i>4th quarter¹</i>	1,3	0,7	5,9	1,4	9,0	5,1	4,0
2014¹
1. ársfj. ¹ <i>1st quarter¹</i>	3,3	0,9	16,1	1,5	4,1	11,5	-1,7

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Hagtidindi **Þjóðhagsreikningar**
Statistical Series **National accounts**

99. árg. • 19. tbl. 2014:7

ISSN 0019-1078

ISSN 1670-4657 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4665 (rafræn útgáfa *PDF*)

Verð kr. *Price ISK* 900 • € 7

Umsjón *Supervision* Sigurlilja Albertsdóttir • Sigurlilja.Albertsdottir@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series